

Ísafjörður, 14. mars 2017

### Beiðni um styrk til ráðstefnuhalds.

Ráðstefnan "Skemmtiferðaskip á réttri leið?" fer fram í Edinborgarhúsinu á Ísafirði dagana 3.-4. apríl 2017 og er hún haldin af Háskóla- og Háskólasetri Vestfjarða í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Ferðamálasamtök Vestfjarða, Markaðsstofu Vestfjarða, Ísafjarðarbæ, Vesturferðir og fleiri aðila. Háskóla- og Háskólasetrið hafði í vetur samráð við bæjarstjóra um aðkomu sveitarfélagsins að ráðstefnunni.

Markmið ráðstefnunnar er að varpa ljósi á þessa ört vaxandi ferðaþjónustugrein á Íslandi og fjalla um hana frá ýmsum hliðum. Áhersla verður lögð á hvernig byggja megi greinina upp til framtíðar með sjálfbærni að leiðarljósi. Fyrirlesarar koma úr röðum fræðimanna og sérfræðinga sem og hagsmunaaðila, sveitarstjórna og íbúa.

Skipuleggjendur ráðstefnunnar fara þess á leit við Ísafjarðarbæ að sveitarfélagið styrki ráðstefnuna í formi 5.000 króna þátttökugjalds fyrir 25 þátttakendur. Auk þess er leitað eftir fjárstuðningi að upphæð kr. 75.000 krónur til að standa straum að hluta kostnaðar vegna ráðstefnuhaldsins, s.s. húsaleigu og kaffikostnaði. Stuðningur sveitarfélagsins yrði því samtals kr. 200.000 krónur.

Undirrituð veitir fúslega allar frekari upplýsingar um ráðstefnuna.

Með vinsemd og virðingu,

Birna Lárusdóttir,  
verkefnastjóri Háskóla- og Háskólaseturs Vestfjarða  
birna@uw.is